



## Tillögur til breytinga á samþykktum LV

### Lagðar fyrir ársfund LV 19. mars 2024 til kynningar og atkvæðagreiðslu.

#### Efnisyfirlit

1	Tillögur til breytinga á samþykktum LV .....	1
2	Efnisþættir: .....	1
2.1	Enskt hjáheiti .....	2
2.1.1	Breytingatillaga.....	2
2.1.2	Skýringar .....	2
2.2	Boðunarfrestur ársfunda .....	3
2.2.1	Breytingatillaga.....	3
2.2.2	Skýringar .....	3
2.3	Ákvæði varðandi ávöxtunarleiðir séreignasparnaðar (B- og C deild) .....	4
2.3.1	Breytingatillaga.....	4
2.3.2	Skýringar .....	4
2.4	Uppfærsla á töflum I og II í viðauka A. ....	5
2.4.1	Breytingatillaga.....	5
2.4.2	Skýringar .....	7
2.5	Gildistaka .....	9

## 1 Tillögur til breytinga á samþykktum LV

Tillögur stjórnar LV til breytinga á samþykktum LV til kynningar og samþykktar á ársfundi sjóðsins 19. mars 2024.

## 2 Efnisþættir:

Tillögur stjórnar til breytingu á samþykktum LV, lagðar fram á ársfundi sjóðsins 19. mars 2024.

- 1) Tilgreining ensks hjáheitis LV í samþykktum sjóðsins.
- 2) Breyting á tímaviðmiðum varðandi boðun ársfunda og aukaársfunda sjóðsins, og birtingarforms auglýsingar.
- 3) Uppfærsla á ákvæði varðandi ávöxtunarleiðir séreignasparnaðar LV.
- 4) Uppfærsla á viðauka A við samþykktir LV:
  - a) Tafla I: Árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári
  - b) Tafla II: Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur eða hækkun eftir 67 ára aldur.
- 5) Gildistaka

## 2.1 Enskt hjáheiti

### 2.1.1 Breytingatillaga

Lögð er til viðbót við 1. gr. samþykkt, með nýrri gr. 1.2., svo hljóðandi:

„1.2. Erlent hjáheiti sjóðsins er Pension Fund of Commerce.“

og í enski þýðingu samþykktanna:

„1.2. The fund's foreign trading name is Pension Fund of Commerce“

Greinin væri þá svohljóðandi: „Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. [Erlent hjáheiti sjóðsins er Pension Fund of Commerce](#)“

### 2.1.2 Skýringar

Samkvæmt reglum firmaskrár er heimilt er að skrá erlend aukahéiti hjá félagi, eins og það er orðað í hlutafélagalögum, en algengara er að tala um erlent hjáheiti. Hjáheitið skal vera sem beinust þýðing á íslensku nafni félags.

Enska nafnið „Pension Fund of Commerce“ er nú þegar, og hefur lengi verið, notað í erlendum samskiptum og samningum sjóðsins, og er t.d. nú á um 40 stöðum í texta á vef sjóðsins, eyðublöðum og samningum á ensku, án þess að sjóðurinn eigi í raun nafnið.

Í erlendum samningum eignastýringar sjóðsins hefur enska nafnið (Pension Fund of Commerce) ýmist verið notað eitt og sér, eða með íslenska nafninu, (t.d. „Lífeyrissjóður verzlunarmanna (Pension Fund of Commerce)“. Hefur þetta stundum valdið ruglingi, og stundum beinlínis erfiðleikum við skráningar og uppfyllingu krafna vegna umboða og við „KYC og AML“ staðfestingar. Skráning erlends hjáheitis myndi því auðvelda erlend samskipti og reglubundin samskipti við gerð og endurnýjun erlendra umboða og hlítu við kröfur vegna „AML/KYC“.

Skráning erlends hjáheitis sem „foreign trading name“ breytir í engu lögformlegu nafni sjóðsins á íslensku, og er í raun ekki eða lítt sýnilegt nema í erlendum samskiptum, eða þeim skjölum sjóðsins sem kunna að vera á ensku hér innanlands.

Skráning erlends hjáheitis myndi einnig tryggja sjóðnum réttarvernd nafns sem þegar er mikið notað í samningum sjóðsins, og minnka þannig möguleika á misnotkun annarra á nafni sem sjóðurinn notar (og mun nota) í miklum mæli í erlendum samskiptum og samningum.

## 2.2 Boðunarfrestur ársfunda

### 2.2.1 Breytingatillaga

Lögð er til breyting á gr. 6.3 varðandi tímafrest fyrir boðun ársfundar.

„Stjórn sjóðsins skal boða til ársfundar með minnst ~~tveggja-fjögurra~~ vikna fyrirvara og mest fjögurra vikna fyrirvara. Boða skal til fundar opinberlega með auglýsingu ~~í dagblöðum~~ og með skriflegu fundarboði til aðildarsamtaka sjóðsins með sama fyrirvara og gildir um boðun ársfundar minnst tveggja vikna fyrirvara og mest fjögurra vikna fyrirvara.“

### 2.2.2 Skýringar

#### Um sveigjanlegri boðunarfrest:

Breytingin er í takt við ákvæði 1. mgr. 88. gr. laga um hlutafélög. Þar kemur fram: „Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og, sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, skemmst viku fyrir fund (tveimur vikum fyrir aðalfund).“

Í 27. gr. laga nr. 129/1997 kemur fram að kveða skuli á um það í samþykktum hvernig boða skuli til ársfundar. Í 30. gr. laganna kemur fram að boða skuli til ársfundar fyrir lok júní ár hvert, með tryggilegum hætti.

Með breytingunni er sveigjanleiki aukin varðandi boðun ársfundar sjóðsins og eftir atvikum aukafunda. Þó almennt megi gera ráð fyrir að ársfundur verði boðaður með um fjögurra vikna fyrirvara getur verið hagkvæmt að hafa möguleika á styttri boðunarfresti ef aðstæður kalla á það. Það á ekki síður við um boðun mögulegra aukaársfunda.

#### Um breytingu á kröfum um auglýsingu ársfundar:

Á þeim árum sem liðið hafa frá því samþykktir LV voru samþykktar í lok síðustu aldar hefur miðlun upplýsinga þróast mikið. LV notar nú vefmiðla eins og almennar innlendar fréttaveitur og fjölsóttá samfélagsmiðla auk þess að senda út fréttapósta á tölvupósti. Sjóðurinn sendir nú eingöngu rafræn yfirlit og flestar tilkynningar. Birtingar- og samskiptaleiðir eru í stöðugri þróun og til að miðla efninu sem best og til sem flestra er æskilegt að geta valið það/þau birtingarleið sem nær best til sjóðfélaga hverju sinni. Fyrst um sinn kann birtingarformið að verða óbreytt en með fækkun prentmiðla og lesenda þeirra hefur gildi þeirra takmarkast mikið sem leið til að birta upplýsingar opinberlega. Því er lagt til að mælt verði um það að ekki verði skylt að birta upplýsingar um boðun ársfundar í prentmiðlum.

## 2.3 Ákvæði varðandi ávöxtunarleiðir séreignasparnaðar (B- og C deild)

### 2.3.1 Breytingatillaga

Lagt er til að við gr. 19.4 í samþykktum bætist svohljóðandi: „[...] Hafi sjóðfélagi ekki valið fjárfestingarleið færist hún sjálfvirkt milli ævileiða sjóðsins eftir aldri sjóðfélaga samkvæmt fjárfestingarstefnu.“

Lagt er til að við gr. 20.5 í samþykktum bætist svohljóðandi: „[...] Hafi sjóðfélagi ekki valið fjárfestingarleið færist hún sjálfvirkt milli ævileiða sjóðsins eftir aldri sjóðfélaga samkvæmt fjárfestingarstefnu.“

Ákvæði 19.4 og 20.5 eru samhljóða og yrðu því svohljóðandi: „Stjórn sjóðsins er heimilt að bjóða upp á fleiri en eina ávöxtunarleið í B-deild og móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja einstaka ávöxtunarleið í samræmi við ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997, sem rétt hafi getur valið um í samningi sínum við sjóðinn. Þjóði sjóðurinn upp á fleiri en eina ávöxtunarleið fyrir séreignardeild getur sjóðfélagi óskað eftir flutningi á milli ávöxtunarleiða eftir þeim reglum sem stjórn sjóðsins setur.“ Með breytingartillögum eru tekin af tvímæli um það í hvaða ávöxtunarleið sparnaði skal ráðstafað. Í fjárfestingastefnu sem birt er opinberlega kemur fram að um sé að ræða þrjár ávöxtunarleiðir sem eru ólíkar með tilliti til áhættu, þ.e. væntra sveiflna í ávöxtun. Áhættan minnkar þannig eftir því sem sjóðfélagar eru eldri.

### 2.3.2 Skýringar

Af 9. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða leiðir að skylt sé að gera samning um viðbótatryggingavernd og séreignasparnað þar sem kveða skuli á um réttindi og skilmála varðandi viðbótatryggingaverndina, þ.m.t. hvaða ávöxtunarleið skuli valin.

Eins og staðan er í dag greiða einhverjir sjóðfélagar iðgjöld í viðbótatryggingavernd og séreignasparnað án þess að hafa undirritað samning og/eða valið ávöxtunarleið. Þar með skapast ákveðin óvissa fyrir sjóðinn varðandi val á ávöxtunarleið.

Því eru framangreindar samþykktabreytingar lagðar til og eiga þær sér fordæmi úr samþykktum annarra lífeyrissjóða. Þannig verði kveðið á um að þeir aðilar sem hafa ekki valið ávöxtunarleið fari eftir ævilínu þar sem tekið er mið af aldri sjóðfélagans þannig að áhætta fari minnkandi eftir aldri (þ.e. væntar sveiflur í ávöxtun).

## 2.4 Uppfærsla á töflum I og II í viðauka A.

### 2.4.1 Breytingatillaga

Viðauki A – Réttindatöflu, hluti af samþykktum, orðist svo:

„VIÐAUKI A – Réttindatöflur, hluti af samþykktum

Réttindatöflur I og II, samanber gr. 11.1, gilda frá og með 1. janúar 2025. Töflurnar koma í stað áður gildandi réttindataflna nr. I til IV sem tóku gildi 1. janúar 2023.

Tafla I: Árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári

Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi
16	2.903	34	1.524	52	908
17	2.798	35	1.474	53	887
18	2.697	36	1.427	54	865
19	2.600	37	1.381	55	846
20	2.506	38	1.338	56	827
21	2.416	39	1.296	57	808
22	2.329	40	1.257	58	790
23	2.245	41	1.220	59	772
24	2.166	42	1.184	60	755
25	2.088	43	1.149	61	737
26	2.014	44	1.117	62	720
27	1.943	45	1.087	63	704
28	1.875	46	1.057	64	687
29	1.810	47	1.030	65	669
30	1.748	48	1.003	66	652
31	1.687	49	977	67	630
32	1.631	50	953	68	609
33	1.576	51	930	69	588

Réttindi í jafnri ávinnslu eru meðaltal réttinda 25 til og með 64 ára eða 1.202 krónur á ári fyrir hvert 10.000 króna iðgjald.

**Forsendur:**

- Vextir 3,5% reiknaðir einu sinni á ári (p.a.).
- Dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) frá árinu 2019 með sérhæfðu frádragi frá staðlaðri dánartíðni sem byggir á reynslu sjóðfélaga LV árin 2018-2022. Gert er ráð fyrir lækkandi dánartíðni sjóðfélaga til framtíðar skv. spá FÍT frá árinu 2021.
- Örorkulíkur sem byggja á reynslu sjóðfélaga árin 2010-2014.
- Kynjahlutfall: Karlar 53%. Konur 47%.

**Tafla II: Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur eða hækkun eftir 67 ára aldur.**

Margfalda skal réttindi skv. töflu I með viðeigandi margfeldisstuðli miðað við lífeyristökualdur.

Aldur þegar taka lífeyris hefst	Hækkunar og lækkunarstuðlar		
	Breyting fyrir hvern mánuð	Uppsöfnuð breyting heilt ár	Margfeldisstuðull heilt ár
60	-0,33%	-35,9%	0,641
61	-0,35%	-32,0%	0,680
62	-0,38%	-27,8%	0,722
63	-0,42%	-23,2%	0,768
64	-0,46%	-18,1%	0,819
65	-0,50%	-12,6%	0,874
66	-0,55%	-6,6%	0,934
67	0,00%	0,0%	1,000
68	0,61%	7,3%	1,073
69	0,67%	15,4%	1,154
70	0,75%	24,4%	1,244
71	0,84%	34,4%	1,344
72	0,94%	45,7%	1,457
73	1,05%	58,3%	1,583
74	1,19%	72,6%	1,726
75	1,36%	88,9%	1,889
76	1,56%	107,6%	2,076
77	1,79%	129,1%	2,291
78	2,08%	154,1%	2,541
79	2,43%	183,3%	2,833
80	2,87%	217,8%	3,178

## 2.4.2 Skýringar

Tryggingastærðfræðingur LV hefur lagt til við stjórn að teknar verði upp nýjar réttindatöflur fyrir sameignadeild sjóðsins, sbr. viðauka I við samþykktir hans.

Þegar nýjar lífslíkutöflur voru staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra í desember árið 2021 fólu þær í sér spá um hækkandi lífaldur, sem aftur myndi leiða til þess að staða sjóðsins veiktist um nálægt 0,1% á ári, ef ekkert væri að gert. Þess vegna var það kynnt við breytingar á samþykktum vorið 2022 að samþykkja þyrfti nýjar réttindatöflur með á tveggja til fjöggra ára fresti, þar sem tekið yrði mið af spánni og nýjustu útreikningum um lífslíkur og aðrar tryggingafræðilegar forsendur. Nú liggja fyrir nýjar sérhæfðar lífslíkur fyrir sameignardeild sjóðsins í nóvember 2023 og hefur sú uppfærsla á lífslíkum um -0,1% áhrif á framtíðarstöðu sjóðsins. Búast má við réttindatöflur sjóðsins muni breytast reglulega með hliðsjón af þróun tryggingafræðilegra forsendna.

Uppfærsla á réttindatöflu I í viðauka A við samþykktirnar „Árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári“ leiðir til uppfærslu á réttindatöflu II „Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur eða hækkun eftir 67 ára aldur.“

Í ljósi þessa er uppfærsla réttindataflnanna lögð til nú. Gert er ráð fyrir að nýjar réttindatöflur taki gildi 1. janúar 2025.


Samanburður á gildandi töflu og nýrri töflu:

Aldur	Réttindi	Núgildandi	Mismunur	Aldur	Réttindi	Núgildandi	Mismunur
16	2.903	3.032	-129	43	1.149	1.163	-14
17	2.798	2.898	-100	44	1.117	1.131	-14
18	2.697	2.773	-76	45	1.087	1.101	-14
19	2.600	2.655	-55	46	1.057	1.073	-16
20	2.506	2.544	-38	47	1.030	1.045	-15
21	2.416	2.440	-24	48	1.003	1.019	-16
22	2.329	2.343	-14	49	977	993	-16
23	2.245	2.251	-6	50	953	969	-16
24	2.166	2.166	1	51	930	945	-15
25	2.088	2.085	3	52	908	922	-14
26	2.014	2.009	5	53	887	899	-12
27	1.943	1.938	6	54	865	877	-12
28	1.875	1.870	5	55	846	856	-10
29	1.810	1.806	4	56	827	835	-8
30	1.748	1.745	3	57	808	815	-7
31	1.687	1.688	-1	58	790	795	-5
32	1.631	1.632	-1	59	772	775	-3
33	1.576	1.579	-3	60	755	756	-1
34	1.524	1.528	-4	61	737	738	-1
35	1.474	1.479	-5	62	720	720	0
36	1.427	1.433	-6	63	704	702	2
37	1.381	1.389	-8	64	687	685	2
38	1.338	1.346	-8	65	669	668	1



39	1.296	1.306	-10	66	652	651	1
40	1.257	1.267	-10	67	630	635	-5
41	1.220	1.231	-11	68	609	619	-10
42	1.184	1.196	-12	69	588	603	-15

Samanburður á réttindatöflum; ný vs núgildandi







## 2.5 Gildistaka

Samþykktabreytingarnar taka gildi við staðfestingu ráðherra á breytingunum að frátöldum töflum I og II í viðauka A við samþykktirnar, sem taka gildi 1. janúar 2025.